

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisstofnun  
Hildur Vésteinsdóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. maí 2014  
2014040031/42-0  
KHS, OKN, TB  
jgo/tb

**Ósk um undanþágu til að nálgast hreiður, hafarna, fálka, snæuglu og þórshana,  
umsögn**

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 22. apríl, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Daníels Bergmann um undanþágu til að nálgast hreiður hafarna, fálka, snæuglu og þórshana.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Daníel Bergmann er reyndur fuglajósmyndari og þekkir hegðun fugla vel og telur Náttúrufræðistofnun að veita megi honum leyfi til að ljósmynda við hreiður þórshana, fálka svo og hafarna í samráði við Náttúrufræðistofnun.

Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að umsækjanda verði veitt undanþága til að mynda snæuglu við hreiður. Gera má ráð fyrir að aðeins um tvö til þrjú pör snæuglu reyni varp á Íslandi ár hvert og er því áríðandi að truflun verði sem allra minnst. Komi til þess að Náttúrufræðistofnun muni reyna að staðfesta varp snæuglu opnast möguleiki á því að skoða hvort ástæða er til að hafa reyndan ljósmyndara með í för.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

